



## Hreppsnefnd 12.06.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 12. júní 2003  
Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 12. júní 2003 kl. 12.00 í Miklagarði.

Mættir á fundinn: Emil Sigurjónsson, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. mál. Jarðgöng undir Hellisheiði eystri, skýrsla unnin af Háskólanum á Akureyri. Á fundinn voru mættir dr. Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson frá Háskólanum á Akureyri og kynntu þeir hreppsnefnd nýja skýrslu sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri hefur unnið fyrir Vopnafjarðarhrepp um samfélagslegáhrif jarðganga undir Hellisheiði eystri á byggðirnar sitthvoru megin heiðarinnar. Nokkrar umræður urðu um hina nýju skýrslu og svöruðu gestirnir spurningum heimamanna. Fréttatilkynning hefur verið send fjölmiðlum um málið og kl. 14.00 í dag verður haldinn fréttamannafundur um skýrsluna í Miklagarði á Vopnafirði. Jafnframt verður í dag kynningarfundur fyrir almenning um skýrsluna kl. 17. 00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Að lokinni umfjöllun um skýrslu HA-manna véku flltr. HA af fundi sem og hreppsnefndarmaðurinn Björn Heiðar Sigurbjörnsson og tók varamaður, Inga Geirsdóttir, hans sæti.

2. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 15. maí sl.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 13. maí og 3. júní sl.  
Fundargerðir skólanefndar frá 13. maí sl. og 3. júní sl. lagðar fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 3. júní sl.  
Lögð fram fundargerð félagsmálanefndar frá 3. júní sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að mikil ásókn væri í viðbótarlán og að nefndin væri búin að mæla með lánnum umfram þann kvóta sem Vopnafjarðarhreppur fékk frá Íbúðalánasjóði, vegna viðbótarlána fyrir árið 2003. Sótt hefur verið um viðbót við kvótann og er búist við að afgreiðsla Íbúðalánasjóðs muni liggja fyrir á næstunni. Lífleg umræða var um fundargerðina. Fram kom ánægja með mikla eftirspurn eftir íbúðum. Velt var upp hugmyndum um möguleika á því að traustur verktaki tæki ásamt öðrum að sér að byggja íbúðir.

Minnt var á að eftirspurn gengi í bylgjum og því rétt að fara varlega í nýbyggingu húsnæðis. Vikið að jafnréttisáætlun sv.fél., hvort hún væri til og spurt hvað meirihluti aðhefðist í þeim efnunum. Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim málum og tók undir þörf á að setja saman stefnumótun í þesum efnunum. Í umræðunni um jafnréttismál sagði oddviti eðlilegt að litið væri til hæfni einstaklingsins fremur en kyns en þörf á áætlun er eðlilegt að skoða.  
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 28. maí sl.  
Lögð fram fundargerð atvinnumálanefndar frá 28. maí sl. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina þar sem gerð var athugasemd við að gögn hafi vantað varðandi svokallaðan stuðningspakka og gerði starfsmaður grein fyrir hugmyndinni að ósk oddvita. Nefndarmenn almennt jákvæðir og samþykkt samhljóða að starfsmaður vinni áfram í málinu og leggi fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu. Vikið að Hvammsá, samþykkt að unnið verði að málinu sem og liður 4 verði skoðaður nánar enda um athyglisvert mál að ræða.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

6. mál. Tilboð í holræsalagnir, efni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefninu og stöðu þess. Lagðar fram upplýsingar um tilboð í holræsalagnir, vegna fyrirhugaðra framkvæmda í holræsamálum, sem vinna á í sumar. Tilboð bárust frá þremur aðilum, sem eru:

a) Reykjalundur 1.563.402

b) Set 1.745.020

c) Tækjatakni 2.560.889

/

Gengið hefur verið frá samningi við lægstbjóðanda Reykjalund. hreppsnefnd þann samning.

7. mál Tangi h/f bréf dags. 28. maí sl. varðandi arðgreiðslur.

Lagt fram bréf Tanga h/f dags. 28. maí sl., þar sem tilkynnt er að samþykkt aðalfundar Tanga h/f um greiðslu á 5 % arði af hlutafé, standist ekki og verði því ekki greiddur vegna reksturs félagsins árið 2002. Fylgdi sveitarstjóri bréfinu eftir. Ólafur Ármannson gerði grein fyrir málefnum Tanga h/f.

8. mál. Tillaga að úthlutun byggðakvóta.

Lögð fram tillaga að úthlutun byggðakvóta þess sem Sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði Vopnafjarðarhreppi í des. sl. alls 20 tonn. Tillagan er svohljóðandi:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að úthlutaður byggðakvóti sem sveitarfélagið hefur fengið frá sjávarútvegsráðuneytinu alls 20 tonn verði úthlutað til Brettings NS- 50, sem er í eigu Tanga h/f. Samþykkt þessi byggir á því að Tangi h/f auki þessar aflaheimildir um 50 % og úthluti þeim síðan aftur til smábáta sem eru skráðir á Vopnafirði samkvæmt reglunni tonn á móti tonni og með því skilyrði að aflanum sé landað hjá Tanga h/f á umsömdu verði. Þannig fengjust alls 60 tonn fyrir 20 tonn til vinnslu í fiskiðjuveri Tanga h/f Vopnafirði.”

Markmiðið með því að úthluta þessum 20 tonnum er að fyrir þau fáiast að lágmarki 60 tonn til vinnslu á Vopnafirði.

Nokkur umræða var um fyrirliggjandi tillögu og. óskaði Björn Halldórsson eftir að bókað yrði eftirfarandi: “Ég er ósáttur við þann drátt sem orðið hefur á úthlutun kvótans”.

Tllagan síðan samþykkt með 7 atkvæðum.

9. mál. Tilkynning um aðalfund SSA 21. og 22. ágúst 2003, kosning fulltrúa.

Með bréfi dags. 21. maí sl., tilkynnir SSA að aðalfundur SSA verði haldinn dagana 21. og 22. ágúst 2003 á Breiðdalsvík. Fyrir fundinum lá tillaga um að aðalfulltrúar Vopnafjarðarhrepps á fundinum verði: Emil Sigurjónsson, Aðalbjörn Björnsson og Björn Halldórsson og til vara verði Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson og Steindór Sveinsson.

Hreppsnefnd samþykkti fyrirliggjandi tillögu með 7 atkv. Fram kom að öllum hreppsnefndarmönnum er að sjálfsögðu boðin þátttaka í fundinum.

10. mál. Bréf Fasteignamarkaðarins ehf. dags. 6. júní varðandi forkaupsrétt.

Lagt fram bréf frá Fasteignamarkaðinum ehf., dags. 6. júní sl., þar sem spurst er fyrir um það hvort Vopnafjarðarhreppur hyggist nýta sér forkopsrétt vegna jarðarinnar Ytri-Hlíðar 2, Vopnafirði. Fyrir fundinum lá einnig kaupsamningur varðandi sölu á eigninni.

Vopnafjarðarhreppur hafnar forkaupsrétti.

Samþykkt með 6 atkvæðum, oddviti sat hjá.

11. mál. Ályktun vegna 90 % lánshlutfalls til íbúðarlána

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps lýsir yfir stuðningi við framkomnar hugmyndir Ríkisstjórnarinnar um hækkun húsnæðislána Íbúðalánasjóðs í 90%.

Mörg undanfarin ár hafa fasteignaeigendur á landsbyggðinni mátt sætta sig við lágt markaðsverð eigna sinna m.a. vegna þess hversu örðugt hefur reynst að fá eðlilega fjármögnun í viðskiptum með eignir utan höfuðborgarsvæðisins. Nái hugmyndir um hækkun lánshlutfalls í 90% fram að ganga er líklegt að áhrifin yrðu m.a. þau að andvirði fasteigna á landsbyggðinni færist nær raunvirði þeirra og ber að fagna slíku sérstaklega.

Vakin var athygli á að ýmislegt benti til þess að þetta form sé ekki jafn gott og ætla mætti og lagt til

að afgreiðslu málsins yrði frestað.

Bent var á að gagnrýni er fyrst og fremst komin frá bankakerfinu er missir spón úr eigin aski. Auk heldur bent á tregðu bankakerfisins að lána til húsnæðiskaupa vegna veðhæfni fasteigna. Fyrirliggjandi ályktun síðan samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá.

12. mál. Samningur um sameiginlega barnaverndarnefnd Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðahrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar, kosning tveggja fulltrúa Vopnafjarðahrepps.

Lagður fram undirritaður samningur um sameiginlega barnaverndarnefnd milli

Seyðisfjarðarkaupstaðar, Vopnafjarðahrepps og Skeggjastaðahrepps. Hreppsnefnd staðfestir samninginn. Ennfremur lá fyrir fundinum tillaga um kosningu fulltrúa Vopnafjarðahrepps í nefndina sem skulu vera 2 og jafnmargir til vara. Aðalmenn: Inga Lára Ásgeirsdóttir og Einar Björn Kristbergsson og

til vara: Auður Jónsdóttir og Þórunn Egilsdóttir.

Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

13. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a. Aðalfundur Markaðsskrifstofu Austurlands frá 25. apríl sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd Vopnafjarðahrepps samþykkti með 7 atkvæðum að taka undir samþykkt Markaðsskrifstofunnar, sem fram kemur í 10. tl fundargerðarinnar varðandi almenningssamgöngur.

b. Fundargerð hluthafafundar í Bakkasíld ehf. haldinn 4. júní sl.

Lögð fram til kynningar.

c. Lokaskýrsla dags. maí 2003 um Jarðhitaleit í Vopnafirði.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið